

Nafn fyrirtækis:	Kennitala:	
Heimilisfang:	Póstnr.:	Staður:
Símanúmer:	Faxnúmer:	
Netfang:	Veffang:	

**Leyninúmer:** \_\_\_\_\_ (4 stafir. Ath. ekki skal velja hluta úr kennitölu, reikningsnúmer, 1234 eða sama talan 4 sinnum)

Reikningsnúmer vegna gjaldtöku í fyrirtækjabanka: \_\_\_\_\_  
Banki                      Hb.                      Reikningsnúmer

Undirritaður veitir neðangreindum starfsmönnum heimild til að fá neðangreindan aðgang að, í sínu umboði, Fyrirtækjabanka Byrs.

<b>Nafn starfsmanns fyrirtækis</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Notandanafn (hámark 10 stafir)</b>	<b>Farsímanúmer varaleiðar*</b>
<input type="checkbox"/> Skoðunaraðgangur <input type="checkbox"/> Fullur aðgangur <input type="checkbox"/> Sérskráðir reikningar:	
<b>Nafn starfsmenns fyrirtækis</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Notandanafn (hámark 10 stafir)</b>	<b>Farsímanúmer varaleiðar</b>
<input type="checkbox"/> Skoðunaraðgangur <input type="checkbox"/> Fullur aðgangur <input type="checkbox"/> Sérskráðir reikningar:	
<b>Nafn starfsmenns fyrirtækis</b>	<b>Kennitala</b>
<b>Notandanafn (hámark 10 stafir)</b>	<b>Farsímanúmer varaleiðar</b>
<input type="checkbox"/> Skoðunaraðgangur <input type="checkbox"/> Fullur aðgangur <input type="checkbox"/> Sérskráðir reikningar:	

\*Varaleið ef auðkennislykill er ekki notaður og öryggisnúmer er sent sem sms.

Hámarksupphæð til millifærslu sem óskað er eftir pr. sólarhring: kr. \_\_\_\_\_

**Kreditkort sem óskað er eftir aðgangi að í fyrirtækjabanka:**

_____	-	_____	-	_____	-	_____
_____	-	_____	-	_____	-	_____
_____	-	_____	-	_____	-	_____

Ég hef kynnt mér notkunarreglur og skilmála sem gilda um Fyrirtækjabanka Byrs og skuldbind mig til að hlíta þeim að öllu leyti. Umsækjandi hefur kynnt sér þær reglur og skilmála er gilda um þá þjónustu sem sótt er um samkvæmt umsókn þessari og liggja þær reglur og skilmálar frammi við undirritun umsóknarinnar. Ég staðfesti með undirritun minni, að ég muni í einu og öllu fara eftir framangreindum reglum og skilmálum og jafnframt ábyrgist ég að þeir starfsmenn sem nota ofangreinda þjónustu í mínu umboði, geri slíkt hið sama.

\_\_\_\_\_ Staður og dagsetning

\_\_\_\_\_ Undirskrift umsækjanda

## 1. Samningssamband

1.1 Samningssamband notanda og Byrs og Fyrirtækjabanka Byrs (FTB) um aðgang notanda að FTB samanstendur af þessum almennu notkunarskilmálum FTB. Orðið notandi getur bæði átt við um einstakling sem gerir samning um aðgang að FTB og löggæslu sem veitir einstaklingi aðgang að FTB í nafni og á ábyrgð löggæslu. Um einstök viðskipti eða færslur gilda jafnframt viðkomandi viðskipta-skilmálar reikninga eða þjónustu Byrs og skuldbindur notandi sig til þess að hlíta þeim skilmálum Byrs hverju sinni.

## 2. Samskipti aðila

2.1. Samskipti við Byr sparisjóð byggjast á rafrænum samskiptum. Með rafrænum samskiptum er átt við samskipti sem fara fram með hugbúnaði sem Byr ýmist leggur til eða gefur notanda fyrirhælt um að nota. Notandi viðurkennir að rafræn samskipti sem innihalda fyrirhælt um aðgerðir og færslur í FTB skuli vera fullgild í samskiptum milli notanda og FTB og jafnskuldbindandi og ef þau samskipti væru skrifleg og staðfest með undirritun. Aðilar staðfesta að þeir muni ekki undir neinum kringumstæðum bera því við að loforð eða fyrirhælt sem þeir hafa gefið skorti skuldbindingargildi af þeim ástæðum að þeim sé komið á framfæri með rafrænum samskiptum. FTB mun staðfesta móttöku fyrirhælt um aðgerðir með hlöðstæðum hætti og þau berast. Byr sparisjóður getur ákveðið að tiltekin fyrirhælt skuli gefin skriflega. Föx (símbref) teljast í þessu sambandi ekki skrifleg samskipti. Byr sparisjóður ákveður hvað telst vera öruggt samskiptaform á hverjum tíma.

2.2. Byr áskilur sér rétt til að tilkynna um breytingar á þessum skilmálum og öðrum atriðum er varða starfsemi FTB á heimasíðu Byrs. Telji Byr ástæðu til að senda skrifleg gögn til notanda í tengslum við samskipti aðila eða samning þennan verða gögn stíluð á nafn og heimilisfang notanda eins og það er skráð í umsókn þar til breyting verður á heimilisfangi í þjóðskrá eða notandi tilkynnir um breytt heimilisfang til Byrs. Notandi skal tilkynna Byr strax ef heimilisfang, sími, upplýsingar um Internetaðgang eða netauðkenni eða aðrar upplýsingar breytast.

## 3. Öryggismál

3.1. Notandi ábyrgist að varðveita notendanafn og aðgangsorð þannig að enginn komist yfir þau, einnig að eyðileggja skrifleg gögn með notandakenni og leyniorði eða geyma á öruggum stað. Skrári notandi notendanafn og aðgangsorð, má skráningin ekki gefa til kynna að um aðgangsupplýsingar sé að ræða. Notandi má ekki gefa neinum upp notendanafn og aðgangsorð né skilja við þau þannig í vél- og hugbúnaði að þau sitji eftir í innsláttar gluggum í rápurum (browsers) og séu þannig aðgengi leg öðrum. Notanda ber að til kynna án tafar ef hann telur að einhver hafi komist yfir notendanafn og aðgangsorð eða honum sýnist að einhver annar sé að reyna að nota sér aðgang hans að FTB.

3.2. Þar til notandi hefur látið Byr vita er notandi ábyrgur fyrir fyrirhæltum sem gefin eru Byr, jafnvel þótt þau hafi ekki verið gefin af notanda.

3.3. Til að tryggja öryggi áskilur Byr sér rétt til að verða ekki við fyrirhæltum ef Byr af einhverjum ástæðum telur að fyrirhælt hafi ekki verið gefin af notanda, þau séu óskýr, þau brjóti í bága við skilmála Byrs og/eða þessa skilmála FTB.

3.4. Þegar notandi notar FTB verður hann að ganga úr skugga um að hugbúnaður, tölva og mótald eða annar samskiptaþúnaður sé rétt stilltur og í samræmi við fyrirhælt Byrs sparisjóðs eins og þau kunna að vera á hverjum tíma. Notandi verður að tryggja að þúnaði sé breytt til samræmis við breytt ingar sem Byr gerir á hverjum tíma. Byr mun tilkynna breytingar tímanlega. Í vafatilvikum ber notanda að hafa samband við Byr. Ef Byr lætur notanda hafa hugbúnað til að nota FTB má ekki breyta honum á nokkurn hátt, leyfa öðrum að nota hann eða fá afrit af þeim hugbúnaði frá öðrum en Byr.

3.5. Notanda ber að tilkynna Byr án tafar ef eitthvað í tæknilegri þjónustu Byrs bilar eða bregst, notandi verður var við óvenjulegar seinkanir eða villuboð þegar hann notar FTB, sérstaklega ef hann er að senda greiðslufyrirhælt eða beittir á annan hátt notendanafni og aðgangsorði.

3.6. Til að tryggja öryggi notanda mun Byr skrá og halda gögn yfir allar færslur svo hægt sé að rekja þær og leiðrétt, sýna fram á að færsla hafi verið réttilega skráð og framkvæmd og hafi ekki misfarist vegna tæknilegrar bilunar eða sambærilegra atvika, reynist slíkt nauðsynlegt.

3.7. Ef notandi nýtir sér aðgang að FTB frá öðru landi en Íslandi bendir Byr notanda á að í einstaka ríkjum getur það verið lögbrot og/eða varðað við refsiaðgang að nota Internetið eða tiltekin fjarskiptatæki. Noti notandi FTB frá erlendu ríki er slíkur aðgangur á hans eigin ábyrgð. Byr bendir notanda á að afla sér upplýsinga sem oftast má fá hjá sendiráðum viðkomandi ríkja.

## 4. Fyrirhælt

4.1. Notandi hefur heimild á grundvelli skilmála samnings um einstaka reikninga og þjónustu við Byr til að gefa fyrirhælt fyrir þá reikninga og þjónustu sem notanda er veittur aðgangur að í gegnum FTB. Byr sparisjóður framkvæmir aðgerðir eða önnur fyrirhælt sem gefin hafa verið um FTB eftir að framvísað hefur verið notendanafni og aðgangsorði og FTB hefur veitt aðgang. Aðeins er hægt að afturkalla fyrirhælt sem ekki hafa verið framkvæmd þegar afturköllun berst. Ef Byr sparisjóður getur afturkallað fyrirhælt áskilur Byr sparisjóður sér rétt til að krefjast sérstakrar þóknunar.

## 5. Kostnaður og gjöld

5.1. Notandi greiðir þjónustugjöld til Byrs sparisjóðs vegna FTB í samræmi við skilmála og verðkrá Byrs eins og hún er á hverjum tíma. Byr áskilur sér rétt til að krefjast þjónustugjalds fyrir nýja/breytta þjónustu sem Byr mun bjóða viðskiptavinum í framtíðinni.

## 6. Takmörkun ábyrgðar

6.1. Byr ábyrgist ekki aðgang að FTB öllum stundum. Byr ber í engum tilfellum ábyrgð á tjóni vegna tapaðra viðskiptatækifæra eða annars óbeins tjóns eða aukins kostnaðar af viðskiptum vegna bilana eða truflana í FTB hvort sem rekja megi þær til utanaðkomandi aðila eða FTB, s.s. vegna uppfærslu eða lagfæringar á vélbúnaði eða hugbúnaðarkerfum FTB eða vegna mistaka eða gáleysis starfsmanna sem veldur rofi eða truflun eða breytingu á virkni á þjónustu eða aðgangi að FTB. Í þeim tilvikum þar sem notandi getur ekki nýtt sér FTB, er notanda bent á að nýta sér aðrar leiðir til að koma fyrirhæltum til Byrs.

6.2. Byr ber ekki ábyrgð á neinu óbeinu eða afleiddu tjóni, sem notandi kann að verða fyrir, hvaða nafni sem það kann að nefnast. Byr er ekki ábyrgur fyrir atvikum sem hann hefur ekki eða getur ekki haft stjórn á, t.d. verkföllum, truflunum í síma- og fjarskiptanetum, rafmagnsleysi, truflun á starfsemi vegna náttúruhamfara og öðrum sambærilegum atvikum sem leiða til þess að notandi getur ekki nýtt sér þjónustu FTB.

## 7. Lokun á aðgangi að FTB

7.1. Byr getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum án þess að tilgreina sérstakar ástæður með 14 daga fyrirvara.

7.2. Byr getur lokað fyrir aðgang notanda að FTB fyrirvaralaust meðal annars, ef notandi gefur fyrirhælt um að loka fyrir aðgang, notandi hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við reikning eða þjónustu, við stofnun reiknings eða þjónustu eða við umsókn um aðgang að FTB, aðgangur að FTB eða reikningur eða þjónusta er notuð á ólöglegan eða í ósamræmi við skilmála þessa eða aðra skilmála Byrs.

7.3. Notandi getur hvenær sem er lokað aðgangi að FTB með því að senda skrifleg fyrirhælt til Byrs.

## 8. Kröfukerfi

8.1. Í FTB er sérstakt kröfukerfi sem notandi getur fengið afnot af samkvæmt sérstakri umsókn. Í kröfukerfinu eru útbúnir greiðsluseðlar til nota við innheimtu á kröfum. Skilmálar þessir um notkun á FTB skulu jafnframt gilda um aðgang og afnot notanda af kröfukerfi FTB.

## 9. Breytingar á skilmálum

9.1. Byr áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum og auka við þá, reynist það nauðsynlegt að mati Byrs, til dæmis vegna lagabreytinga, breytts þjónustuframboðs eða breyttra aðstæðna að öðru leyti.

## 10. Varnarþing

10.1. Rísi mál vegna skilmála þessa eða deila í tengslum við þá má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.